

4. júlí 2009 | Aðsent efni | 802 orð | 1 mynd

## Glámskyggn heimildarýni Hæstaréttar

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: "Hér setur Johnsen upp aðvörun um að hann vitni e.t.v. rangt í jarðabók þeirra dönsku. Þrátt fyrir það byggja dómarar Hæstaréttar á villu Johnsens."

GREIN þessi er skrifuð í framhaldi af samnefndum greinum í Morgunblaðinu 21.2. 2009 og 2.4. 2009. Þar er sýnt fram á að Hæstaréttardómur nr. 610/2007 um eignahlut í Ytri-Sólheimum er byggður á tveimur falsrökum. Hæstiréttur byggir dóm sinn á að óvíst sé um dýrleika Sólheimatorfu að fornu mati. Eigendur Sólheimahjáleigu hafa í 50 ár krafist þess að hjáleigan fengi aukið eignarhlut sinn úr 7,33% í 15,5% á kostnað annarra sameigenda Sólheimatorfu. Hér er framhaldið ágrípi þjóðarsögu um jarðamál og meira um hæstaréttardóminn.

Árni Magnússon og Páll Vídalín skoðuðu allar jarðir landsins í byrjun 18. aldar og skrifuðu merka jarðabók. Þeim var ætlað að leggja á nýtt jarðamat en svo fór að þeir skráðu eingöngu hið forna mat. Tengsl hins forna mats við eignarhluti í sameignarjörðum hefur vafalítið átt sinn þátt í að þeir hrófluðu ekki við mati jarða. Í brunanum mikla í Kaupmannahöfn 1728 brann m.a. jarðamat Ytri-Sólheima.

Skúli Magnússon landfógeti tekur saman jarðabók árið 1760 og er hún uppskrift á eldri jarðabókum og öðrum eldri gögnum. Á árunum 1801-1806 ferðuðust danskir embættismenn um landið, þeir skráðu kosti jarða og var ætlað að meta jarðir til nýs dýrleika samkvæmt reglugerð Rentukammers settri 2. ágúst 1800. Einnig skráðu þeir eigendur og eignarhluti að fornu mati.

Í málgögnum á bls. 75-76 er úrtak úr skýrslu Óbyggðanefndar frá árinu 2004 um jarðamöt:

„Í jarðabók frá 1695 eru Ytri-Sólheimar taldir vera 100 hundruð að dýrleika og mun þar farið eftir fornu jarðamati. Í eldri jarðabók, frá 1686, er dýrleikinn sagður vera 122 hundruð og 120 álnir og var það nálægt tvítugfaldri landskuld. Nokkurs ósamræmis gætir í yngri jarðabókum um dýrleika Ytri-Sólheima. Í jarðamati frá 1804 er gefinn upp dýrleikinn 120 hundruð og 20 álnir og síðan bætt við: „... en med Hjaleje 100c [100 hundruð]“. Hér mun annars vegar vera vísað til jarðabókarinnar 1686 (120 hundruð), þar sem dýrleikinn er miðaður við landskuldina, og hins vegar til jarðabókarinnar 1695 (100 hundruð) þar sem hið forna mat er lagt til grundvallar. Í Jarðatali Johnsens 1847 er jörðin sögð 120 1/6 hundruð (þ.e. 120



Tómas Ísleifsson

hundrað og 20 álnir) en í Nýrri jarðabók er hinu forna mati skipt á milli heimajarðarinnar, 92 2/3 hundrað, og hjáleigunnar, 7 1/3 hundrað. Samkvæmt því verður öll jörðin, „með háleigunni“ (sbr. jarðamatið 1804) 100 hundrað að dýrleika. Þá er þess að geta að heimildir liggja fyrir um að á 18. öld hafi Ytri-Sólheimar gengið kaupum og sölum og verið veðsettir.“

Texti Óbyggðanefndar sýnir að nefndin telur fullvíst að Ytri-Sólheimar séu 100 hundrað að fornu mati.

Í formála Jarðatals Johnsens 1847 kemur glöggt fram að hann er að skrifa upp gömul handrit. Formálinn var hluti málgagna til Hæstaréttar.

Í bók Björns Teitssonar sagnfræðings, „Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930“, skrifar hann á bls. 15:

„Jarðatal Johnsens frá 1847 er sums staðar haft til nokkurrar hliðsjónar um það, hvort jörð er talin í sjálfsábúð eða leiguábúð. Frumheimildir eru þó yfirleitt finnanlegar um flest, sem þar kemur fram. Rétt er að geta þess hér, að þetta jarðatal var helzt til flauturslega unnið á sinni tíð, og eru margar prentvillur og aðrar villur í bókinni. Því er henni varlega treystandi.“

Hæstiréttur metur jarðatalið svo:

„Ekki verður annað ráðið en að löggjafinn hafi með þessu talið áreiðanleika eldri heimilda en þeirra, sem um getur í 2. gr. landskiptalaga, orka svo tvímælis að ekki væri fært að styðjast við þær í þessum efnunum“, þ.e. Hæstiréttur álitur að Johnsen sé örugg heimild en eldri ekki.

Í jarðamatinu 1801-1805 er torfan öll með hjáleigunni 100 hndr. að fornu mati. Hér er hluti þess texta sem Johnsen mislas; einnig í málsskjölum:

„Solheimar ytre ... med Hjaliga 100 H.... Heraf Bjarne Björnsson tilhórar 60 H; Svein Alexanderson 20 H og John Jonson 12 H 70 al....“

„... Hialejen har Andeel i Hiemmegaardens Herligheder, i forhold til dens Dyrhed, neml. 7/100 Deele deraf... Solheimahjalega 7 H 50 al.... tilhórar Sveinn Alexanderson.“

Í einu hundraði eru 120 álnir. Undanfarandi samanlagðir eignarhlutir eru nákvæmlega 100 hundrað.

Í fyrri grein kemur fram að í málsskjölum eru 11 heimildir um að Sólheimatorfa er 100 hndr. að fornu mati, m.a. vísitasía, jarðamöt, veðmálaregistur og Landsyfírréttardómur.

Engin heimild er um að dýrleiki Sólheimatorfu að fornu mati sé annar en 100 hundrað, nema ... villan í hinu villumstráða jarðatali Johnsens! Um dýrleikann skrifar Johnsen eftirfarandi:

„1806 er jörð þessi (hálf bænda eign og hálf eign kirkjunnar) talin aðeins 100 h. Og hjáleigan sér 7 6/12 h.; sýslumaður þar á móti telur alla jörðina 100 h.“

Hér setur Johnsen upp aðvörun um að hann vitni etv. rangt í jarðabók þeirra dönsku. Þrátt fyrir það byggja dómarar Hæstaréttar á villu Johnsens. Það er ekki að sjá að dómurum réttarins sé umhugað um æru sína og virðingu Hæstaréttar.

Dómararnir Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen, Ingibjörg Benediktsdóttir og Markús Sigurbjörnsson hafa ekki staðið undir væntingum mínum að verja sannleikann.

Höfundur er líffræðingur.

